



## 99. aðalfundur hestamannafélagsins Fáks

Haldinn 15. maí 2019 klukkan 20:00 í félagsheimili Fáks

### 1. Fundur settur

Hjörtur Bergstað formaður Fáks setti fundinn og minntist látinna félaga.

### 2. Kosning starfsmanna

Formaður leggur til að Sigurbjörn Magnússon verði fundarstjóri og Einar Gíslason fundarritari. Fundurinn samþykkti tillöguna.

### 3. Fundarstjóri kannar lögmæti fundarinns

Aðalfundur Fáks var auglýstur á eftirfarandi hátt:

- 30. apríl 2019 á heimasíðu Fáks
- 30. apríl 2019 á facebook síðu Fáks
- 8. maí 2019 með fréttabréfi í tölvupósti á félagsmenn
- 14. maí 2019 í Fréttablaðinu

Samkvæmt lögum félagsins skal auglýsa fund í dagblöðum eða útvarpi með viku fyrirvara en það misförst. Fundarstjóri beindi því til fundarmanna hvort einhver gerði athugasemd við boðun fundarins og lögmæti. Enginn kvaddi sér hljóðs og lýsti fundarstjóri því fundinn lögmætan enda mættir 39 félagsmenn en 30 félagsmenn þurfa að mæta til að fundurinn teljist lögmætur.

### 4. Formaður leggur fram og skýrir fjölfaldaða skýrslu stjórnarinnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.

Kæru Fáksfélagar

Nú er lokið einu viðburðarríkasta ári í sögu félagsins þar sem við héldum glæsilegt landsmót hér í Víðidal. Litaðist allt félagsstarf ársins af vinnu í kringum þann viðburð. Höfum við nánast velt við hverjum steini á svæðinu og byggt það upp í að vera glæsilegasta svæði landsins og þótt víðar væri leitað. Rekstur landsmótsins gekk vel þó veðurguðirnir hafi kannski ekki verið okkur hliðhollir að þessu sinni.

Farið var í miklar endurbætur á félagsheimili Fáks og á reiðhöllinni á síðasta ári. Húsin eru komin til ára sinna og viðhald verið af skornum skammti síðustu misseri. Í félagsheimilinu var eldhúsið tekið í gegn, glæsilegur sólpallur var byggður sunnan við húsið af vöskum Fáksmönnum og síðan var húsið málað ásamt öðru minniháttar viðhaldi. Þá tók Fákur við Brekknaási 9/gamla dýraspítalanum í maí 2018.



Mótahald var með hefðbundnu sniði og voru umræður um dagsetningu á Reykjavíkurmeistaramóti ofarlega í huga fólks á síðasta ári. Var því tekin ákvörðun að færa mótið 2019 fram í júní. Einnig stigum við stórt skref í sumar með því að bjóða Spretti afnot af íþróttamannvirkjum Fáks fyrir Íslandsmótið 2018. Væntum við mikils af nánara samstarfi á komandi árum.

Herrakvöld, kvennakvöld og aðrir viðburðir voru með hefðbundnu sniði og tókust mjög vel.

Æskulýðsstarfið hefur verið í miklum blóma og er jafnan fullt í félagshesthúsinu og leighúsnaði fyrir börnin og unglungana. Þessi aukni áhugi unga fólksins okkar er mikið fagnaðar efni og mikil lyftistöng fyrir félagið.

Þá létt Þórir Örn Grétarsson framkvæmdastjóri af störfum um áramót. Stjórn Fáks þakkar honum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Auglýst var eftir framkvæmdastjóra í október og var ráðinn sem framkvæmdastjóri Einar Gíslason sem tók formlega við um áramótin.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar Fáks þakka öllum félagsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf 2018.

Fyrir hönd stjórnar Fáks,

Hjörtur Bergstað

Formaður

## 5. Ársreikningur

Maríanna Gunnarsdóttir kynnti reikninga félagsins fyrir árið 2018. Reikningur félagsins var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

## 6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningafélagsins

Spurt er um eignarhlut í Brekknaás 9. Fákur á um 55% og Reykjavíkurborg um 45% í Brekknaás 9. Sigurbjörn Magnússon mun senda skrifstofu Fáks nánari upplýsingar um eignarhaldið svo hægt sé að leiðréッta í ársreikningi.

## 7. Lagabreytingar skv. 16. gr.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

## 8. Kosningar

Úr stjórn fóru:



- i. Heiðrún Sigurðardóttir
- ii. Maríanna Gunnarsdóttir
- iii. Svaðar Magnússon

Framboð til stjórnar voru eftirfarandi:

- iv. Framboð til formanns:
  - a. Hjörtur Bergstað.
- v. Til tveggja ára:
  - a. Árni Geir Eyþórsson – meðstjórnandi.
  - b. Hlíf Sturludóttir – gjaldkeri.
  - c. Íva Rut Viðarsdóttir – meðstjórnandi.
- vi. Til eins árs:
  - a. Þórunn Eggertsdóttir – ritari.

Þar sem ekki bárust mótframboð voru formaður og frambjóðendur til stjórnar sjálfkjörin. Fundarmenn staðfestu kosningu með lófataki.

Í framboði sem endurskoðendur voru:

- i. Sigurbjörn Bárðarson
- ii. Sæþór Fannberg Jónsson

Fundarmenn staðfestu kosningu endurskoðenda með lófataki.

## 9. Ákvörðun árgjalds

Formaður lagði til að árgjald yrði óbreytt fyrir ungmenni, 5.000 kr. Þá lagði formaður til að árgjald fyrir fullorðna hækkaði um 1.000 kr, úr 14.500 í 15.500. Tillaga formanns var samþykkt samhljóða.

## 10. Önnur mál, sem félagið varðar.

**Sigurbjörn Bárðarson** bað um orðið.

Hann þakkaði fráfarandi stjórn sérstaklega fyrir öflugt starf undanfarið ár í að byggja upp svæðið og gera það að svæði í heimsmælikvarða.

**Birgir Rafn Gunnarsson** bað um orðið.

Birgir óskaði nýjum framkvæmdastjóra til hamingju með starfið og hvetur félagsmenn til að leggja honum til hjálparhönd þegar þess þarf. Hann hrósaði svæðinu hér í Víðidal og þeirri öflugu hestamennsku sem er hérna í dalnum. Hann hrósaði Hirti fyrir óeigingjarnt starf í þágu Fáks og fyrir aðkomu hans að mörgum góðum verkum fyrir hestamannafélagið. Þá kom hann inn á hittinga eldri félaga Fáks og sagðir góðan anda yfir þeim félagsskap. Til að mynda fengu þau í vor Þuríði Sigurðardóttur í heimsókn í sal reiðhallarinnar og fóru svo í apríl í skemmti- og



fræðsluferð á Snæfellsnes í Hrísdal og Söðulsholt. Tókust þessir viðburðir frábærlega og voru félagini til sóma.

#### **Dagný Bjarnadóttir** bað um orðið.

Hún byrjaði að kynna að Selhólsleiðin opnaði nýlega og hefði félagið fengið styrk til að halda áfram á þeirri leið yfir í Almannadal. Þá eru Austurheiðar, svæðið fyrir ofan Rauðavatn, nú í skipulagningu og mun reiðveganefnd senda inn tillögur að reiðvegum á svæðinu. Þá er verið að ræða við skipulagsráð borgarinnar um Elliðaárdalinn og reiðleið niður í Elliðaárhólma. Þá hefur verið lagt til að veiðislóðinn við stóra hringvölliinn verði gerður að reiðleið. Þá er í vinnslu að lagfæra reiðleiðina framhjá Norðlingaholti. Rætt hefur verið við Skógræktarfélagið hvort möguleiki sé á að geta farið í gegnum skógræktarsvæði þess svo ekki þurfi að fara akvegginn upp í Heiðmörk. Búið er að ræða við Vegagerðina að þegar verður farið að huga að breikkun Suðurlandsvegar að það verði gert í samráði við Fák. Þá eru 70 ár frá því hestamenn og skógræktarmenn fóru inn í Heiðmörk og plöntuðu trjám. Vonast er til að hægt sé að gera fjölskylduvíðburð af því tilefni.

#### **Guðrún Oddsdóttir** bað um orðið.

Hún spyr um stöðu á leigusamningum á hesthúsum í Faxabóli og í Víðidal. Sigurbjörn Magnússon upplýsir að þessi málefni verða tekin fyrir í borgarráði á morgun fimmudaginn 16. maí. Borgin býður 25 ára samninga án uppkaupsákvæða og er það óásættanlegt. Farið er fram á 50 ára samninga með uppkaupsákvæði borgarinnar að leigutíma loknum. Það er nauðsynlegt að gerðir séu samningar sem eru ásættanlegir fyrir hesthúseigendur og þeir haldi áfram að halda sínum hesthúsum og svæði við. Lagt er til að borgarfulltrúum sé boðið hingað í Víðidal og kynnt sérstaða þessa svæðis og nauðsyn þess að gerðir séu lengri samningar við húseigendur.

#### **Heiðar Breiðfjörð** bað um orðið.

Hann óskar nýrri stjórn velfarnaðar í komandi starfi. Honum finnst vel staðið að öllum reiðvegamálum og líka snjómokstur á svæðinu. Vetrarmoksturinn sé mikil bylting fyrir hestamennskuna á svæðinu og virkilega vel að því staðið. Þá hvetur hann stjórnina um að huga að umhverfismálum og þá sérstaklega hvernig að farga taði frá svæðinu. Formaður svarar því til að þessi mál séu til skoðunar en eins og allir vita hefur verið erfitt að finna lausn á hvað eigi að gera við taðið. Þá segir hann að umgengni á félagssvæðinu sé alltaf að batna og ber hreinsunardagurinn þess augljóst vitni.

#### **Erling Sigurðsson** bað um orðið.

Hann þakkar fyrir þá viðurkenningu sem hann fékk í sumar frá Fáki og LH. Hann byrjaði sem strákur í Fák, fór í Andvara sem síðar breyttist í Sprett, en er nú kominn aftur heim í Fák og er hvergi betra að vera.



**Birgir Rafn Gunnarsson** bað um orðið.

Hann spyr um hve lengi leigusamningar Fáks gilda. Gerðir voru fimm leigusamningar við Fák og er reiðhöllin ein af þeim.

Formanni telst til að 12 ár séu eftir af samningunum. Í viðræðum við borgina varðandi Faxaból, Víðidalsfélagið og aðra leigusamningaá svæðinu er verið að horfa til þess að Víðidalsfélagið klári sín samningamál áður en farið er í að opna viðræður á aðra samninga.

**Snorri Ólafur Snorrason** bað um orðið.

Hann vill að það sé gera meira fyrir hinn almenna félagsmann í dagskrá Fáks. Hann vill gera meira fyrir þá sem eru bara að ríða út sér til ánægju og nefnir sérstaklega hvort ekki sé hægt að skipuleggja fleiri hópútreiðatúra.

Formaður svarar því til að hefðbundnar ferðir séu allar vel auglýstar á heimasíðu Fáks. Þá hafa undanfarin ár þeir Ómar Jóhannsson og Þorvarður Helgason borið hitann og þungann af alls kyns hópútreiðartúrum. En fyrst og fremst þá er félagið alltaf opið fyrir nýjum hugmyndum og líka nýju fólk til að leiða slíka vinnu.

**Guðrún Oddsdóttir** bað um orðið.

Hún býður fram krafta sína með Þórði Ólafssyni og Heiðari Breiðfjörð að vinna að lausn á hvar er hægt að losa tað frá hesthúsunum. Leggur til að fá yfirmenn frá Sorpu og öðrum hagsmunaaðilum að koma á fund og reyna að finna lausn á þessu vandamáli.

**Hjörtur Bergstað** bað um orðið.

Hann leggur til að á fyrsta fundi nýrrar stjórnar Fáks muni stjórnin formlega tilnefna Guðrúnu, Þórð og Heiðar til að mynda nefnd til að funda um þessi tað mál hér á félagssvæðinu.

Hjörtur þakkar fráfarandi stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og býður nýja stjórnarmeðlimi velkomna í stjórn.

**11. Fundi slitið**

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð með ritara fundarins og voru engin andmæli við því.

Formaður þakkar fundarstjóra og fundarritara fyrir störfin á fundinum og býður að lokum fundargestum að þiggja kaffi og veitingar.

Sigurbjörn Magnússon, fundarstjóri

Einar Gíslason, fundarritari